
SÚÐAVÍKURHREPPUR

16. FUNDUR FRÆÐSLU- TÓMSTUNDAR – MENNINGAR- OG KYNNINGARNEFNDAR KJÖRTÍMABILID 2022-2026

HALDINN Í ÁLFTAVERI – GRUNDARSTRÆTI,
MIÐVIKUDAGURINN 9. APRÍL 2025, KL. 17:00

Miðvikudaginn 9. apríl 2025 kl. 17:00 var haldinn fundur í fræðslu-,
tómstundar-, menningar- og kynningarnefnd Súðavíkurbrepps 2022-2026.
Boðaðir voru bæði aðal- og varamenn nefndarinnar auk skólastjóra.

Mætt til fundar: Aníta Björk Pálínudóttir, Thorsteinn Haukur Thorsteinsson,
Stella Guðmundsdóttir, Selma Guðmundsdóttir, Sergey, Anna Lind
Ragnarsdóttir skólastjóri og Salbjörg Sigurðardóttir fulltrúi skóla.

Ekki er gerð athugasemd við boðun fundar.
Fundargerð ritaði Aníta Björk Pálínudóttir.

Gengið er til afgreiðslu dagskrár.

Dagskrá:

1. Skólamál - almennt
2. Karellen leikskólakerfið
3. Styrktarsjóður eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands
4. Víkingurinn 2025
5. "Street View,, mynd á Google Maps
6. Önnur mál
Öruggari Vestfirðir

Afgreiðsla erinda:

1. Skólamál - almennt

Kynnt og rætt hver staðan er í skólanum.
Nefndin óskar eftir því að haldinn verði fundur með Velferðarsviði
Ísafjarðarbæjar.

2. Karellen leikskólakerfið

Nefndin leggur til að forritið verði tekið í notkun.

Anna Lind og Salbjörg fóru af fundinum.

3. Styrktarsjóður eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands

Nefndin leggur til að athugað verði að sækja um styrk vegna fornminjanna í Vatnsfirði. Setja þarf upp klósettaðstöðu og hirða svæðið. Einnig væri hægt að sækja um vegna Raggagarðs eða vegna göngustíga.

4. Víkingurinn 2025

Nefndin leggur til að mótið verði styrkt og að Súðavíkurbreppur taki þátt í verkefninu.

5. "Street View,, mynd á Google Maps

Nefndin leggur til að sveitarstjórn ákveði hvað verði gert.

6. Önnur mál

Öruggari Vestfirðir

Kynnt og rætt. Lagt til að a.m.k. einn fulltrúi frá sveitarfélaginu mæti.

Námskeið í sumar

Nefndin leggur til að haldið verði leikjanámskeið í sumar fyrir börn í 1. - 7. bekk.

Fundi slitið kl. 18:20.